

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 1. áfanga. Hólmatún 1, 3 og 5.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. apríl 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að lóðinni Hólmatún 1-5, verði skipt upp í tvær lóðir. Á vestari lóðinni, Hólmatúni 1, er gert ráð fyrir tveggja hæða verslunar- og þjónustuhúsi. Á austari lóðinni, Hólmatúni 3-5, er áætlað að verði fjögurra hæða fjölbýlishús með 25-30 íbúðum auk bílakjallara.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins og fjörunnar. Aðalstræti 42.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. apríl 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits til vesturs og norðurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðisins við Grænhól.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. apríl 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í því að lóðir nr. 7, 9, 11 og 13 verða sameinaðar í eina lóð, nr. 7. Lóð nr. 2 verður stækkuð auk þess sem byggingarreit og aðkomu frá Hörgárbraut verður breytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar, 2. maí 2008,

Anna Bragadóttir, fulltrúi skipulagsmála.